

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 1130. mál

Alma íbúðafélag hf. („Alma“ eða „félagið“) vísar til ofangreinds lagafrumvarps. Alma er fasteignafélag með starfsemi víðsvegar um landið. Á meðal fasteigna í eigu félagsins eru 11 íbúðir staðsettar í Grindavíkurbæ.

Eins og kunnugt er var öllum íbúum og rekstraraðilum í Grindavíkurbæ gert að yfirgefa bæinn 10. nóvember 2023 vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjanesskaga. Vegna hamfaranna hefur ríkisstjórnin samþykkt ýmsar aðgerðir til stuðnings heimilum og rekstraraðilum í Grindavík, sbr. lög nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, lög nr. 94/2023 um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, lög nr. 15/2024 um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ og lög nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavíkurbæ.

Felur ofangreint frumvarp í sér frekari stuðningsúrræði fyrir samfélagið í bænum. Alma styður markmið frumvarpsins og aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Alma telur mikilvægt að þetta öryggisnet samfélagsins og samtryggingu á hamfaratímum sem þessum.

Alma bendir hins vegar á að ekkert af framangreindum úrræðum nýtist leigusölum, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða lögaðila, sem sitja uppi með tjón sitt óbætt. Í tilfelli leigusala er tekjuandlag rekstrarins íbúðarhúsnæði. Ekki er hægt að setja þessa starfsemi upp annars staðar eða halda henni gangandi með öðrum hætti. Vegna hamfaranna eru eignir leigusala í Grindavíkurbæ óhæfar til tekjusköpunar en kostnaður sem fylgir eignarhaldinu er hins vegar óbreyttur. Tjón leigusala í Grindavík er umtalsvert og óljóst með öllu hvenær eignirnar nýtast að nýju.


Með lögum nr. 16/2024 var einstaklingum með lögheimili í Grindavíkurbæ gert kleift að óska eftir sölu íbúðarhúsnæðis í bænum til Fasteignafélagsins Þórkötlu. Samkvæmt 1. gr. laganna er gildissvið þeirra bundið við íbúðarhúsnæði í þinglýstri eigu einstaklings hinn 10. nóvember 2023 sem jafnframt var með skráð lögheimili í húsnæðinu. Frumvarpið nær því

ekki yfir íbúðarhúsnæði í eigu lögaðila eða einstaklinga sem ekki höfðu skráð lögheimili í húsnæðinu 10. nóvember 2023.

Vegna hamfaranna á Reykjanesskaga hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að styðja við samfélagið í Grindavíkurbæ. Leigusalar í bænum hafa hins vegar engan stuðning fengið. Alma telur jafnræðis- og sanngirnirök standa til þess eigendur íbúðarhúsnæðis sitji við sama borð og fái sömu tækifæri til að losna undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi íbúðarhúsnæðis í bænum. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum.

Að öllu framangreindu virtu leggur Alma til að gildissvið laga nr. 16/2024 verði útvíkkað til að ná yfir allt íbúðarhúsnæði innan þéttbýlismarka í Grindavík, hvort sem eigandi er einstaklingur eða lögaðili og óháð því hvernig lögheimilisskráningu var háttað þann 10. nóvember 2023.

Virðingarfyllt,
f.h. Ölmu íbúðafélags hf.



Ingólfur Árni Gunnarsson,
framkvæmdastjóri